

Kristjana Stefánsdóttir lauk 8. stigi frá Söngskólanum í Reykjavík 1996. Árið 2000 lauk hún BA gráðu með láði í djasssöng frá Konunglega Listaháskólanum í Haag í Hollandi. Þar var aðalkennari hennar bandaríska djasssöngkonan Rachel Gold. Kristjana kemur reglulega fram í íslenska útvarpinu og sjónvarpinu og hefur sungið inn á fjölda geislaplatna. Hún heldur reglulega tónleika á Íslandi en hefur m.a. komið fram í Hollandi, Finnlandi, Þýskalandi og Englandi. Hún hlaut listamannalaun 2001 til þess að gera sólóplötuna *Kristjana* og í október í fyrra hljóðritaði hún, ásamt öðrum, plötuna *Fagra veröld* sem hlaut frábæra dóma í tímaritinu „All About Jazz“. Báðar þessar plötur voru tilnefndar til Íslensku Tónlistarverðlaunanna sem Djassplata ársins. Kristjana söng inn á *Reykjavíkur* geislaplötu Stórsveitar Reykjavíkur sem kom út nú í vor.

Agnar Már Magnússon lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla FÍH árið 1995 með ágætiseinkunn og hélt þá til Amsterdam þar sem hann lauk burtfararprófi 1999. Ári síðar fluttist hann til New York og sótti einkatíma hjá Larry Goldings. Einnig hefur hann numið hjá Kevin Hayes, Bruce Barth og George Colligan. Agnar hefur leikið frá 17 ára aldri með atvinnutónlistarmönnum og tók m.a. þátt í stofnun Stórsveitar Reykjavíkur og lék með þeim í fimm ár. Í febrúar 2001 hljóðritaði hann sína fyrstu geislaplötu með eigin efni og nefnist hún *01*. Þar leika með honum Ben Street og Bill Stewart. Sumarið 2001 útsetti hann tónlistina og stjórnaði upptökum á sólóplötunni *Kristjönu*. Agnar hefur upp á síðkastið leikið á Hammond orgel með tríóinu *B3* sem gaf út disk nú í vor.

Samstarf Kristjönu og Agnars nær aftur til 1996 er þau fluttu íslensk djasslög í beinni útsendingu í Hollenska ríkisútvarpinu.

Helga Björg Ágústsdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Garðabæ árið 1992 þar sem kennari hennar var Bryndís Halla Gylfadóttir. Því næst lá leiðin til Amsterdam þar sem hún stundaði framhaldsnám hjá Dmitri Ferschtman og Melissa Phelps við Sweelinck Conservatory auk þess sem hún tók þátt í Masternámskeiðum hjá ýmsum þekktum sellóleikurum. Helga starfar nú sem sellókenari við Tónlistarskólann í Garðabæ og Tónlistarskólann Doremi auk þess sem hún leikur reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Kristjana og Agnar Már
ásamt
Helgu Björgu Ágústsdóttur
flytja djasslög eftir
Tómas R. Einarsson

NETÚTGÁFA



Þriðjudaginn 22. júlí 2003 kl. 20:30

Efnisskrá

Öll lögín eru eftir Tómas R. Einarsson

Tómas Ragnar Einarsson er fæddur á Blönduósi árið 1953. Eftir nám við Tónlistarskóla FÍH árin 1980 til 1983 flutti hann til Kaupmannahafnar og nam þar kontrabassaleik hjá Johan Poulsen og sótti síðar námskeið hjá John Tchicai. Auk tónlistar hefur Tómas stundað háskólanám í ítölsku og hefur BA próf frá Háskóla Íslands í sagnfræði og spænsku. Hann er mjög virkur í jazzheiminum, semur tónlist, leikur í eigin hljómsveit og með öðrum, héraendis og erlendis - nær og fjær. Komið hafa út níu plötur sem innihalda eingöngu, eða aðallega tónlist hans, nú síðast *Kúbanska* sem hlotið hefur frábæra dóma gagnrýnenda. Flest laganna á efnisskrá þessara tónleika má heyra á plötum Tómasar.

Journey to Iceland *W.H. Auden*

Vorregn í Njarðvíkum *Guðbergur Bergsson*

Jobim

Títómas

Hjartalag *Tómas R. Einarsson*

S.S. Montclare *Halldór Laxness*

Land, þjóð og tunga *Snorri Hjartarson*

Ef það sé djass *Tómas R. Einarsson*